



FÉLAG UMHVERFISFRÆÐINGA
Á ÍSLANDI



SKÝRSLA STJÓRNAR
FÉLAGS UMHVERFISFRÆÐINGA Á ÍSLANDI
2021-2022

NÓVEMBER 2022

Inngangur

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi hefur starfað í fimmtán ár. Starfsemi félagsins snýst um að stuðla að tengslamyndun félagsmanna og styðja við fræðslu og umræðu um umhverfismál í samfélaginu. Þessu hefur félagið unnið að með því að standa fyrir viðburðum og miðla upplýsingum á vefmiðlum félagsins.

Stjórn félagsins

Aðalfundur félagsins 2021 var haldinn á Kaffi Laugalæk þann 27. október 2021. Úr stjórn áttu að ganga Ragnhildur Freysteinsdóttir og Tinna Eiríksdóttir. Ragnhildur var endurkosin en Tinna gaf ekki kost á sér áfram og var Elva Raket Jónsdóttir kosin í hennar stað. Birgitta Stefánsdóttir, Ingunn Gunnarsdóttir og Steinar Kaldal voru í stjórn frá síðustu kosningum. Í varastjórn var kosin Nína M. Saviolidi.

Stjórn skipti með sér verkum eftir aðalfund og er Steinar Kaldal formaður, Birgitta Stefánsdóttir gjaldkeri, Ragnhildur Freysteinsdóttir ritari og Ingunn Gunnarsdóttir og Elva Raket Jónsdóttir meðstjórnendur.

Stjórn félagsins hélt fjóra stjórnarfund á starfsárinu, en voru þess á milli í samskiptum á fésbókarsíðu stjórnar.

Fjármál félagsins

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi stendur vel fjárhagslega, eftir takmarkað viðburðahald undanfarin tvö ár vegna Covid-19. Félagsgjöld eru óbreytt frá fyrra fjárhagsári, kr. 3.000 og hefur innheimta þeirra gengið nokkuð vel. Sjá nánar í ársreikningi félagsins.

Endurskoðendur reikninga fjárhagsárs 2021-2022 eru Ragnhildur Helga Jónsdóttir og Hildur Harðardóttir.

Starfsemi félagsins á starfsárinu

Starfsemi félagsins mótaðist nokkuð af því að samfélagið var að komast aftur í gang eftir Covid-19. Unnið var að málþingi um orkumál sem var fyrirhugað í apríl, en ákveðið var að fresta því fram á haust vegna mikils framboðs annarra viðburða um það leyti. Þeir viðburðir sem félagið stóð fyrir á starfsárinu:

- 27. október: Aðalfundur 2021. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa héldu Halla Sigrún Sigurðardóttir og Magnús Örn Agnesar Sigurðsson frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu erindi um fyrstu stefnu íslenskra stjórnvalda um aðlögun samfélagsins að loftlagsbreytingum.
- 7. júní: Sumargleði á Kex Hostel.
- 28. ágúst: FUMÍ fer í skógargöngu. Gengið var um Sandahlíð, ræktunarsvæði Skógræktarfélags Garðabæjar, í Garðabæ.
- 14. október: Hádegisfundur – Orkumál eru umhverfismál – í samvinnu við félagið Konur í orkumálum. Eftir upphafsframsögur frá Halldóri Þorgeirssyni, formanni Loftslagsráðs og Ölmu Stefánsdóttur, starfsmanni Landsvirkjunar og félaga í Ungum umhverfissinum, tók við pallborð undir stjórn Aðalheiðar Snæbjarnardóttur, sjálfbærnisstjóra Landsbankans. Í pallborði voru Halldór Þorgeirsson, Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, Sigrún Sayeh frá Ungum umhverfissinum, Kristín Linda Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og Ketill Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Zephyr Iceland.

Nefndir

Ein nefnd starfar nú innan félagsins – Námsmatsnefnd. Verkefni nefndarinnar er að yfirfara umsóknir um félagsaðild samkvæmt samþykktum verklagsreglum og var þeim umsóknum um aðild sem bárust félaginu vísað til námsnefndar.

Samfélagsmiðlar

Félagið hefur vefsíðu, www.fumi.is, sem inniheldur almennar upplýsingar um félagið og starf þess. Upplýsingum um viðburði er miðlað til félagsmanna í gegnum tölvupóst félagsins og fésbókarsíðu þess. Einnig hefur verið miðlað þar upplýsingum um viðburði tengda umhverfismálum á vegum annarra aðila.

Lokaorð

Stjórn félagsins hefur lagt áherslu á að bjóða upp á fjölbreytta viðburði fyrir félagsmenn í gegnum tíðina. Viðburðahald starfsárið 2021-2022 var nokkuð rólegt, enda samfélagið að komast í gang aftur eftir takmarkanir undanfarinna tveggja ára og átti það við stjórn félagsins líka! Ýmsar hugmyndir liggja hins vegar fyrir hjá stjórn, sem unnið verður úr næsta starfsár.

Stjórn félagsins vill þakka félagsmönnum fyrir þátttöku í starfinu og minnir á að alltaf er tekið við góðum hugmyndum að viðburðum!